

Skútustaðahreppur  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 4. júní 2018  
UST201806-001/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Smávirkjun við Drekagil, Skútustaðahreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 26.apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi smávirkjunar í Drekagili. Virkjunin verður staðsett innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem er friðlýst svæði.

#### **Skipulagssvæðið og framkvæmdir**

Í greinargerð kemur fram að til þess að afhvæða fjarskiptabúnað sem er í húsi uppi á Vaðoldu og til að sjá hálendismiðstöð í Drekagili fyrir rafmagni er fyrirhugað að byggja heimarafstöð í Drekagili. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er staðsett rétt austan við ferðaþjónustusvæðið í Drekagili. Sumarrennsli dugar fyrir um 30kW orkuframleiðslu og vetrarrennsli dugar fyrir um 10 kW orkuframleiðslu.

#### **Umhverfisskýrsla**

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umhverfisskýrslu að ofangreind deiliskipulagstillaga fellur undir lög nr. 105/2006 þar sem hún gerir ráð fyrir framkvæmd sem er tilkynningaskyld til sveitastjórnar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### **Landslag og ásýnd**


Umhverfisstofnun tekur undir það að ný mannvirki muni breyta ásýnd svæðisins sem nú er lítt eða ósnortið, og að þar sem framkvæmdir við hús og virkjun munu krefjast vinnuvéla og breytttra jeppa vegna flutnings á efni þá verður rask á umhverfinu sem og við framkvæmdirnar sjálfar. Umhverfisstofnun telur mesta hættu á að ummerki eftir plægingu strengs geti orðið afar sýnileg í hlíðinni og telur stofnunin að huga þurfi sérstaklega að frágangi á plægingunni, svo framkvæmdin skilji ekki eftir sig för sem hafi veruleg áhrif á ásýnd svæðisins. Stofnunin telur hættu á að plógfarið afmáist ekki með öllu eins og fram kemur í greinargerð, en með vönduðum vinnubrögðum ætti að vera mögulegt að gera það lítt sýnilegt.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun og fossar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, en ekki 37. gr. sem er vísun í gömlu náttúruverndarlögin.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að verktakar/starfsmenn sem munu vinna verkið verði upplýstir um mikilvægi vandaðra vinnubragða svo framkvæmdin fari fram skv. ofangreindri lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
Sérfræðingur